

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

16. fundur, föstudaginn 23. janúar, kl. 9:30
í umhverfisráðuneytinu, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Helga Barðadóttir (Iðnaðarráðuneytinu), Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu) og Tómas Þór Tómasson, sem skrifaði fundargerð.

Forföll: Hjörleifur Kvaran.

Fundarfrásögn:

1. Nýr meðlimur verkefnisstjórnar. Formaður bauð Friðrik Dag Arnarson velkominn í hópinn en hann tekur sæti Freysteins Sigurðssonar í verkefnisstjórn rammaáætlunar en Freysteinn féll frá í lok síðasta árs. Friðrik er því nýr fulltrúi náttúruverndarsamtaka.

2. Drög að lista yfir virkjunarkosti. Fundurinn hófst á kynningu Guðna A. Jóhannessonar á drögum að lista yfir u.þ.b. 80 virkjunarkosti sem rammaáætlun mun hugsanlega ná til. Listann á eftir að samræma og endurskoða og líklegt er að kostunum fækki. Í framhaldinu verður listinn sendur til orkufyrirtækja og þau beðin um athugasemdir og hugsanlegar viðbætur. Til að hraða vinnu faghópa kom fram tillaga um að unninn verði listi yfir ca. 30 kosti sem örugglega verða teknir til mats. Fram kom sú skoðun að kostirnir væru of margir m.v. þann tíma sem faghóparnir hefðu til stefnu (til 1. okt.). Það sjónarmið var einnig reifað að mikilvægt væri að halda öllum kostum inni en gögn og upplýsingar um kostina eru mis viðamikil. Setja mætti saman lista yfir þau svæði sem líklegt er að verði vernduð og minni vinna lögð í mat á þeim kostum er féllu innan þeirra. Loks kom fram sú skoðun að fjöldi virkjana mætti ekki hafa áhrif á gæði matsvinnunnar og sá tímarammi dygði jafnvel ekki sem verkefnisstjórn hefur verið settur til að skila af sér (árslok 2009). Færi svo væri það á herðum verkefnisstjórnar að ráða stjórnvöldum heilt um framhaldið. Formaður lauk umræðunni með því að næsti fundur verkefnisstjórnar verður helgaður listanum en í millitíðinni munu formaður og formenn faghópa hittast og vinna meira í málinu.

3. Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Sigurður Á. Þráinsson frá umhverfisráðuneytinu kynnti drög að Náttúruverndaráætlun 2009-2013. Umhverfisráðherra hefur lagt fram á Alþingi þingsálytturnartillögu um málið og er fyrstu umræðu lokið en það er nú til umfjöllunar í Umhverfisnefnd þingsins. Í framhaldi af kynningu Sigurðar fylgdu fyrirspurnir og umræður. Formaður dró saman þá megin niðurstöðu umræðunnar að vinna rammaáætlunar og náttúruverndaráætlunar skarist á ákveðnum sviðum.

4. Kynningarfundir. Engir formlegir kynningarfundir eru fyrirhugaðir á næstu vikum en Fjórðungssamband Vestfjarða hefur ítrekað áhuga sinn að fá fulltrúa verkefnisstjórnar í heimsókn sem fyrst. Í heimsókninni vestur verður einnig fundað með náttúruverndarsamtökum og Vest-verk. Formaður mun senda út líklegar dagsetningar á næstunni.

5. Starf faghópa. Umræðum frestað en stefnt er að formannafundi fljótlega.

6. Heimasíða. Starfsmaður gerði stutta grein fyrir stöðu heimasíðunnar. Gangi áætlanir eftir geti fyrsta útgáfa heimasíðunnar opnað í byrjun febrúar. Þá gerði starfsmaður grein fyrir tilboði Hugsmiðjunnar um smíði hugbúnaðar er gagnast getur við könnun eða verkefni er tengist landslagi og rætt var á síðasta fundi verkefnisstjórnar. Starfsmaður taldi mikilvægt að ákveða útfærslu og markmið verkefnisins svo setja mætti upp kostnaðarramma.

7. Önnur mál. Vikið var að verklagi í störfum verkefnisstjórnar. Þar kom fram að mjög mikilvægt væri að á fundum verkefnisstjórnar geti menn tjáð sig með opnum hætti og talað frjálst og treyst því að umræður eða ummæli einstakra manna séu ekki rædd utan stjórnarinnar. Gerð var athugasemd við erindi sem starfsmaður sendi út þar sem kallað var eftir starfs- og sérfræðititlum meðlima faghópa.

Stjórnin lagði áherslu á að fundargerðir verði sendar út eins fljótt og auðið er svo koma megi að athugasemdum. Jafnframt kom fram ósk um að verkefnisstjórn fái afrit af fundum faghópa. Formaður mun taka þessi mál upp með starfsmanni.

Fundi slitið kl. 12:05..